Það tilkynnist vinum og vandamönnum, að systurdóttir mín Margrét Bergsteinsdóttir frá Rifshölti í Holtum, andaðist á Landakotsspítala í gær síðdegis.

F. h. aðstandenda
Páll Arnason, lögregluþjónn.

Dagskrár í dag.

Kl. 1 miðdegis.

Í neðri deild:

1. Frv. um aðflutningsgjald af salti; 2. umr.
2. Frv. um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa; 1. umr.
3. Frv. um breytingar á siglingalögum; 1. ufr.
4. Frv. um sölu á prestsmötu; 1. umr.
5. Frv. um breyting á lögum um sjúkrasamlög; 1. umr.
6. Frv. um Ísafjarðarprestakall; 1. umr.
7. Frv. um breyting á almennum hegningarlögum; 1. umr.
8. Till. til þingsál. um lánstofnun fyrir landbúnaðinn; hvernig ræða skuli.

Í efri deild
er enginn fundur í dag.

Nefndarálit um fjáraukalögin.

Í gær var skýrt hér í blaðinu frá breytingartillögum fjárveitinganefndar neðri deildar um fjárauka lagafrumvarpið 1918 og 1919. Nú er nefndarálitið komið fram með skýrigreinum við breytingartillögurnar. Birtum vér hér kafla úr álitinu um helztu nýjungarnar.

Bifreið til malarflutninga.

„Vegamálastjóri skrifaði stjórninni og óskaði leyfis til að kaupa bifreið til malarflutninga, með því að hann ætti kost á henni einmitt nú. Taldi hann vegagerð landssjóðs mundi hafa mikinn hag af að eignast slíkt flutningatæki, og færir ýms rök fyrir, að það muni verða til hagnaðar á allan hátt. Víða hagar þannig til við vegina, að nothæf möl er ekki fáanleg nema með löngu millibili. Má geta nærri, að það er bæði dýrt og seinlegt að annast flutninginn á tvíhjóla hestkerrum, og þar sem gert er ráð fyrir, að ein slík bifreið muni geta komið að sömu notum og tíu kerrur, verður nefndin að álíta miklar líkur til, að þessi kaup geti orðið hinn mesti búknykkur. Er hún því stjórninni sammála um að leggja til, að féð verði veitt, og ber því fram breytingartillögu um það efni.“

Landmælingar herforingjaráðsins.

„Forsætisráðherra tilkynti nefndinni, að hann hefði samið við herforingjaráðið danska um, að það léti lúka við í sumar landmælingar þær, er horfið var frá sumarið 1914 og lúka átti á því sumri. Verða þessar mælingar nú framkvæmdar á kostnað hins íslenzka ríkissjóðs. Óskaði ráðherrann þess, að nefndin bæri fram breytingartillögu um fjárveitingu í þessu skyni. Nefndin telur það rétt, og leggur því til, að veittar verði í fjáraukalögum 10000 kr. til þessa.

Gert er ráð fyrir, að þetta muni kosta alt að 20000 kr., en óeyddar eru í núgildandi fjárlögum 10000 kr., er veittar voru til landmælinga. Þess má enn fremur geta, að í fjárlögum 1916—17 var veitt sama upphæð, sem ekki var notuð, og er þetta því í raun réttri endurveiting.“

Utanfarir á fræðimannafundi.

„Á öllum Norðurlöndum eru félög meðal lagamanna, hvert í sínu landi, og halda þau sameiginlega fulltrúafundi öðru hvoru. Nú hefir stjórn sænska lögfr.félagsins boðið íslenzkum lögfræðingum að senda fulltrúa á slíkan fund, sem halda á í Stokkhólmi í sumar. Þar sem þetta er í fyrsta sinn, er Íslendingar fá slíkt boð, þá þykir nefndinni sjálfsagt, að landið leggi fram fé, svo að hægt sé að taka því. Væri það tæplega vansalaust voru nýja fullvalda ríki, að hafna boðinu í fyrsta sinni.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum hefir fengið svipuð boð um að koma á fund yfirlækna berklahæla í Danmörku, en það félag hefir einnig boðið fulltrúum frá Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Af sömu ástæðum og að ofan greinir þykir nefndinni við eiga að kosta þessa för, enda ætlar læknirinn jafnframt að ferðast um Danmörku og Svíþjóð og athuga fyrirkomulag berklahæla þar.

Þá hefir guðfræðingum þessa lands einnig verið boðið að senda mann á fund guðfræðinga, er haldinn er í Danmörku í sumar, og hefir verið farið fram á, að sú för yrði styrkt að nokkru, eða með 12000 krónum. Vill nefndin leggja til, að veitt verði umbeðið fé.“

Rafveita Reykjavíkur.

„Síðasta breytingartillaga nefndarinnar er borin fram samkvæmt ósk fjármálaráðherra. Um hana telur nefndin ekki þörf að fjölyrða, þar sem flestum þingmönnum munu kunnar ástæður, enda hafa og margir þeirra þegar gefið samþykki sitt til þeirrar ráðstöfunar, sem hér um ræðir.“

Magnús Pétursson er framsögumaður nefndarinnar.

Bíll

fer til Þingvalla

frá Söluturninum á morgun, sunnudag, kl. 4½ e. h. Nokkrir menn geta fengið far.

Dagbók.

Veðrið í gær:
Reykjavík: A. gola, hiti 13,7 st.
Ísafjörður: Logn, hiti 14,0 st.
Akureyri: Logn, hiti 13,0 st.
Seyðisfjörður: Logn, þoka, hiti 9,9 st.
Grímsstaðir: Logn, hiti 14,5 st.
Vestm.eyjar: Logn, þoka, hiti 11,2 st.
Þórshöfn, Færeyjar: Logn, hiti 10,1 st.

Fjárveitinganefndir Alþingis fara austur á Þingvöll í dag, vegna erindis Þingvallanefndarinnar til þingsins — og máske vegna góða veðursins líka.

Nýja Bíó biður þess getið, að það sé misskilningur, að hið nýja hús þess verði reist úr „H. C.“ steini, eigi vegna þess, að það hafi eigi góða trú á steininum, heldur af öðrum orsökum.

Th. Thorsteinsson kaupmaður og verzlunarstjóri hans, Magnús Kjaran, komu úr ferðalagi austur um sveitir í fyrrakvöld. Fóru þeir alla leið austur á Mýrdalssand og sáu þar afleiðingar Kötlugossins.

Bankarnir hafa ákveðið að hafa opið að eins frá kl. 10 árd. til 1 síðd. á laugardögum, „fyrst um sinn“.

„Geysir“ mun eiga að fara héðan í dag áleiðis til Akureyrar og þaðan til Danmerkur aftur. Yfirmenn skipsins fóru í bifreiðum til Þingvalla í gær.

„Ísland“ kemur hingað í kvöld. Fór frá Ísafirði í gærkvöldi. — Skipið mun eiga að taka hér hesta til útflutnings til Danmerkur.

„Jón forseti“ fer til Bretlands með fisk einhvern næstu daga. Vafalaust tekur skipið póst.

Messað á morgun í Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði kl. 1.

Séra Sigurður Jóhannesson að Tjörn á Vatnsnesi hefir verið skipaður sóknarprestur í Landeyjaprestakalli.

Byggingarfélag Reykjavíkur. *Í stjórn* þess eru þeir Jón Baldvinsson framkvæmdastjóri, Þorlákur Ófeigsson trésmiður og Pétur Guðmundsson bókhaldari.

Lúðvík Lárusson kaupmaður og hans fólk býr nú í neðri ensku húsunum við Elliðaárnar, en Tómas Jónsson kaupm. í efri húsunum. — Laxveiði er ágæt í ánum.

Allmannmargt er á Þingvöllum um þessar mundir. Um helgar er troðfult í Valhöll og kvað þar vera gleðskapur mikill.

Gengi erlendrar myntar.

Reykjavík, 25. júlí:

Bankar:		
Norskar krónur (100)	.. —	108.50
Sænskar krónur (100)	.. —	115.50
Dollar	.. —	4.58
Sterlingspund	.. —	19.82
Frankar (100)	.. —	65.50
Pósthús:		
Norskar krónur (100)	.. kr.	107.50
Sænskar krónur (100)	.. —	111.50
Dollar	.. —	4.70
Sterlingspund	.. —	20.25
Þýzk mörk (100)	.. —	32.00
Frankar (100)	.. —	67.50

Spítali austanfjalls.

Hinn 24. ágúst næstkomandi verður haldin skemtisamkoma á Eyrarbakka, til ágóða fyrir spítala í Árnessýslu.

Meðal annars verður þá haldin »Tombóla«, og er hér með skorað vinsamlegast á gamla og góða Árnesinga hér í borginni, svo og aðra góða menn og konur, að styrkja þetta fyrirtæki með gjöfum.

Gjöfum veita móttöku þeir hr. kaupm. Guðm. Ásbjörnsson, Laugavegi 1 og hr. verzlunarm. Marius Ólafsson (hjá Carl Sæmundsen & Co. Pósthússtræti 13.

p. t. Reykjavík 19. júlí 1919.

F. h. Spítalanefndarinnar

Guðmunda Nielsen.

Skóverzlun

Lárusar G. Lúðvígssonar

verður lokað í dag kl. 4 og skósmíðavinnustofunni sömuleiðis

Verkmannafél. Dagsbrún

heldur fund í G.-T.-húsinu **sunnudaginn 27. þ. m. kl. 4 e. h.**
Umræðuefni: **Helgidagavinnan.**
Félagsstjórnin.

Verslunin Nýhöfn

selur meðal annars:

Íslenzkt Smjörlíki, **Kaffi** brent og malað,
Frá Chr. Bjelland & Co:
Sejkager, **Fiskabollur**, **Sardinur** í olíu og tomat.

Skrifstofum vorum verður fyrst um sinn

lokað kl. 1 á laugardögum

og verða engar útborganir þá daga.

H.f. Kveldúlfur.

M.b. Svanur

fer héðan að forfallalausu eftir helgina (mánudag eða þriðjudag) til Arnarstapa, Grundarfjarðar, Stykkishólms og Búðardals. Kemur við á Búðum ef hæfilega mikill flutningur verður þangað.

Afgreiðslan.

Timburverð lækkað.

Með segskipinu »Elna« komu nýjar birgðir af allskonar sænsku timbri, svo sem **tré** 3"×3", 3"×4", 4"×4", 4"×5". **Plankar, Borðviður** frá 5/8 til 1½ þykk, ýmsar breiddir. **Panelborð** 5/8 og 3/4. **Gólfborð** og **plægð borð.** Allar tegundir verða seldar talsvert ódýrari en að undanförnu og er því sjálfsagt fyrir alla sem timbur þurfa að nota, að snúa sér strax til

Timburverzl. Árna Jónssonar

Sími 104 **Reykjavík** Símnefni: **„Standard“**

Heildverslun

Símnefni: „Garðar“ *Símar 281 -- 481.*

Garðar Gíslason

selur meðal annars neðantaldar vörur:

Kaffi,
Kaffibætir,
Sukkulade,
Kakao,
Te (Indlon),
Avextavín,
Öl, (»Doelgers),
Sirop (í dósum)
Rjóma (í flöskum)
Brauð (í kössum),
Ost,
Kartöflumjöl,
Aspargus (í dósum),
Borðsósur,
Tómató
Sauðlæri (söltuð),
Rullupylsur,
Svínafeiti,
Saumavélar,
Vasaúr,
Smurningsolíu,
Plötutóbak,
Reyktóbak,
Vindlar,
Vindlingar (fjölbreytt úrval).

Salt: Borðsalt, Kjötsalt, Smjörsalt.

Baðlyf,
Handsápu, (margar teg.)
Þvottasápa,
Stangasápa,
Taublámi,
Línsterkja,
Anilinlitir,
Ofnsverta,
Þvottasódi,

Sólaleður,
Ljáblöð,
Ljábrýni,
Olíuofnar,
Olíukveikir,
Olíulampar,
Lampaglös,
Olíuluktir,

Ullarballar,
Innanhús pappi (ýmisk)

Rúðugler,
Þakjárn nr. 24 og 26,
Þaksaumur,
Þakpappi,
Saumur,
Vírkengir,
Gjarðajárn,
Smíðajárn.

Fiskilínur,
Taumar,
Manilla,
Hessianstrigi,
Kjöttunnur,
Síldartunnur,
Línubelgir,
Netagarn,

Þvottaskálar,
Eldhúsvaskar,
Þvagskálar,
Emaileraðar vörur,
Glervörur ýmisk.
Járnvörur,
Vatnssalerni,
Cement.

Vefnaðarvörur fjölbreyttar,
Skófatnaður,
Timbur (tré, plankar og borðviður),
Pappírsvörur (þar á meðal umbúðapappír og pokar).

Viðskifti að eins við kaupmenn og kaupfélög.

Nýjar vörur með hverju skipi. **Tekið á móti pöntunum.**

Duglegur kvenmaður

getur fengið atvinnu nú þegar í

Ölgerðin Egill Skallagrímsson.

Málverkasýning.

Málararnir **Ebbe Sadolin** og **Jelle Troelstra** sýna málverk frá **Reykjavík** og **Borgarfirði** í **Iðnó** (stóra salnum) laugardag, sunnudag og mánudag frá kl. 12 til 8

Aðgangur 50 aurar.

Desinfector

Vilixír, Bayrum.

Rakarastofan Pósthússtræti 11.
Eyj. Jónsson.

Prestafélagsritið

1. ár fæst í bókaverzlun
Arinbj. Sveinbjarnarsonar.

Bollapör

úr grjóti

Nýkomin í

Kaupang.

GLITOFNAR ÁBREIÐUR
og
SÖÐULKLÆÐI
keypt háu verði.
R. v. á.

Alls konar
SJÓ- og BRUNATRYGGINGAR
annast
Bjarni Sighvatsson.
Símar 384 og 507.

Mysuostur

ágætur, fæst í

Kaupangi.

Dugl. kaupamaður

óskast á gott sveitaheimili í Árnessýslu. Hátt kaup í boði.
Sími 604.